



Reglur um þóknanir og starfsaðstæður kjörinna fulltrúa hjá Bláskógabyggð

1. gr.

Gildissvið

Reglur þessar byggja á samþykkt um stjórn Bláskógabyggðar nr. 280/2022 með síðari breytingum. Reglurnar fjalla um þóknun fyrir störf sveitarstjórnarmanna og ná einnig til starfa þeirra fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins. Reglur þessar taka ekki til greiðslna sem byggðasamlög sem Bláskógabyggð á aðild að greiða fyrir fundarsetu stjórnarmanna.

2. gr.

Sveitarstjórn og nefndir

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sjö samkvæmt 1. gr. samþykktar um stjórn Bláskógabyggðar. Nefndir eru þær sem tilgreindar eru í 41. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins. Nefndir hafa erindisbréf, boðað er til nefndarfunda með dagskrá og þær skila fundargerð til sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur skipað nefndir til að sinna tilteknum, afmörkuðum verkefnum skv. 42. gr. samþykktar um stjórn Bláskógabyggðar. Þær skila fundargerð eða minnisblaði til sveitarstjórnar um hvern fund.

3. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Þóknanir fyrir störf í sveitarstjórn, ráðum og nefndum byggja í grunninn á þóknunum eins og þær voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 2. mars 2017. Fjárhæðir hafa verið uppreiknaðar miðað við launavísitölu í desember 2025. Fjárhæðir breytast til hækkunar í samræmi við breytingar á launavísitölu 1. janúar ár hvert, fyrst í janúar 2027.

4. gr.

Þóknun

Þóknun til sveitarstjórnarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en það snýr að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarsetur í ráðum og nefndum, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum með öðrum stofnunum til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, lestur ýmissa skýrslna og fundargerða, samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins.

Þóknun til nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Oddviti fær ekki greidda þóknun skv. þessari grein.

Þóknun sveitarstjórnarmanna, nefndarmanna og fulltrúa í vinnuhópum er eftirfarandi:

Sveitarstjórn:



Föst mánaðarlega greiðsla til aðalmanna kr. 89.939.

Greiðsla fyrir setinn fund kr. 44.077.

Greiðsla til varamanna fyrir hvern setinn fund kr. 44.077.

Nefndir:

Nefndarmaður kr. 22.039 fyrir setinn fund.

Formaður kr. 44.077 fyrir setinn fund.

Kjörnefndir:

Nefndarmaður kr. 22.039 fyrir setinn fund.

Formaður kr. 44.077 fyrir setinn fund.

Greiðslur skv. tímakaupi:

Tímakaup er greitt fyrir vinnu kjörstjórna, starfsmanna á kjörfundum og aðra vinnu aðila sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Tímakaup 6.419 kr. á klst.

Greitt er fyrir aðra fundi en sveitarstjórnarfundi sem sveitarstjórnarmenn sækja. Oddviti fær ekki greitt sérstaklega fyrir slíka fundarsetu. Til þess að greitt sé fyrir fundarsetu þarf viðkomandi sveitarstjórnarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt að hafa verið mælst til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Fyrir heilan dag er greitt kr. 44.077.

Fyrir hálfan dag er greitt kr. 22.039.

Fyrir fjarfund allt að 2 klst er greitt kr. 17.500.

Að auki er greiddur akstur skv. akstursskýrslu fyrir alla kjörna fulltrúa.

Ef fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins fara á fundi utan heimabyggðar fá þeir greidd fundarlaun nefnda fyrir hvern fund auk aksturs skv. aksturisdagbók. Til þess að greitt verði fyrir fundi utan heimabyggðar þarf viðkomandi nefndarmaður að vera kjörinn af sveitarstjórn til fundarsetunnar eða á annan hátt að hafa verið mælst til þess af sveitarstjórn að hann mæti. Sveitarstjóra/oddvita ber að staðfesta fundarsetuna og koma þeim upplýsingum til launafulltrúa.

Sveitarstjórnarmenn nota tíma- og viðverukerfið Vinnustund til að stimpla sig inn á fundi á vegum sveitarfélagsins til að fá greitt fyrir fundarsetu. Sveitarstjórnarmenn og nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum um fundi og akstur til sveitarstjóra.

5. gr.

Tölvupóstur

Allir aðalmenn í sveitarstjórn fá netfang sem endar á @blaskogabyggd.is og þangað eru tölvupóstar frá sveitarfélaginu sendir. Einum mánuði eftir að kjörtímabili sveitarstjórnar lýkur er netföngum lokað hjá þeim sem ekki halda áfram störfum fyrir sveitarfélagið. Allir með netfang á vegum sveitarfélagsins eru hvattir til að kynna sér reglur um notkun tölvupósts. Allan einkatölvupóst skal geyma í sérmöppu sem merkt er einkamál.

6.gr.

Fundakerfi

Sveitarfélagið nýtir OneSystems sem funda- og skjalavistunarkerfi og eru sveitarstjórnarfundir



boðaðir í gegnum það og fá fulltrúar í sveitarstjórn aðgang að fundagátt þar sem fundagögn eru birt.

7. gr.

Lífeyrissjóður

Haldið er eftir iðgjaldi til Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga A-deild, 4% af heildarlaunum. Bláskógabyggð greiðir mótframlag vinnuveitanda eins og það er á hverjum tíma samkvæmt reglum sjóðsins og kjarasamningi FOSS, félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú 11,5%. Nefndarmenn geta þó óskað eftir að greiða í annan lífeyrissjóð.

8. gr.

Fæðingar- og foreldraorlof

Um rétt sveitarstjórnarmanna og nefndarmanna til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

9. gr.

Tryggingar

Sveitarstjórnarmenn eru tryggðir með slysatryggingu samkvæmt samningi sveitarfélagsins um váttryggingar.

10. gr.

Laun í orlofi

Sveitarstjórnarmenn fá greidda fasta mánaðarþóknun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur. Ekki er greitt orlof á þóknun samkvæmt reglum þessum.

11. gr.

Ferða- og gistikostnaður

Greiddur er ferða- og gistikostnaður vegna þátttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum sem sveitarstjórnarmönnum er gefinn kostur á að sækja. Útlagður kostnaður sveitarstjórnarmanns er greiddur gegn framlögðum reikningum.

Akstursgreiðslur skv. reglum þessum miðast við taxta Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

12. gr.

Vinnuaðstaða

Sveitarstjórnarmönnum býðst að nýta sér funda- og vinnuaðstöðu á skrifstofum sveitarfélagsins. Allur almennur skrifstofubúnaður sem sveitarstjórnarmenn get nýtt sér, er til staðar, s.s. til ljósritunar og prentunar.

13. gr.

Fartölvur

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá fartölvur vegna starfa sinna. Fartölvur eru merktar og skráðar eins og aðrar eigur sveitarfélagsins. Láti sveitarstjórnarmaður af störfum á kjörtímabili afhendir hann eftirmanni sínum í sveitarstjórn fartölvuna til afnota. Ef búnaðurinn er eldri en



Þriggja ára við lok kjörtímabils þá eignast sveitarstjórnarmaðurinn fartölvuna og búnaðurinn er afskráður hjá sveitarfélaginu.

14. gr.
Sí- og endurmenntun

Æskilegt er að kjörnir fulltrúar sækji sí- og endurmenntun er tengist störfum þeirra fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn skal veita samþykki sitt vegna kostnaðar sveitarfélagsins sem hlýst af námskeiðssókn kjörinna fulltrúa, falli kostnaður utan fjárhagsáætlunar. Sækja skal um til sveitarstjórnar með góðum fyrirvara og skal samþykki liggja fyrir áður en til útgjaldanna er stofnað.

15. gr.
Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á 411. fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 3. júní 2026 og taka þegar gildi.
